

Dómsorð:

Stefndi, Hinrik Ragnarsson, greiði stefnanda, Sigurði L. Ólafssyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1947 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnám fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1949.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Brandur Brynjólfsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2, að upphæð kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1947 til greiðsludags, kr. 600.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur, en af hans hálfu mætir kona hans, Jóna Árnadóttir, og kveðst ekki geta greitt.

Fógeti skoraði þá á hana að vísa á eignir, er gerðarþoli ætti og gera mætti fjárnám í, og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá.

Mætt vísaði á húseignina nr. 9 við Skipasund.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar framangreindri skuld auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættu að skýra fyrir gerðarþola frá fjárnáminu og því einnig, að honum væri óheimilt að ráðstafa hinni fjárnumdu eign þannig, að í bág bryti við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 27. apríl 1951.

Nr. 85/1950. **Hreppsnefnd Hvollhrepps** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Páli Nikulássyni og gagnsök
(Ragnar Ólafsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónat-
ans Hallvarðssonar.

Ákvæði fjallskilareglugerðar um leitir skýrð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1950. Gerir hann þessar dómkröfur: *Aðallega*,

að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. júlí 1950. Hinn 12. janúar 1951 fékk hann gjafvarnarleyfi og sér skipaðan talsmann. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 800.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi lét tvísmala afrétt Hvolhrepps, Emstrur, haustið 1945, svo sem boðið er í 14. gr. fjallskilareglugerðar Rangárvallasýslu nr. 157/1943. Verður ekki annað séð en leitir þessar hafi verið framkvæmdar af vandvirkni. Eftir síðari leitina urðu menn af Rangárvöllum þess varir, að á Emstrum væru þrjár sauðkindur, ær með tveimur lömbum, sem gagnáfrýjandi var talinn eiga. Gagnáfrýjandi fór þess nú á leit við oddvita Hvolhrepps, að aðaláfrýjandi léti sækja kindur þessar. Hinn 10. nóvember 1945 komu hreppsnefndarmenn Hvolhrepps saman og ræddu málið. Taldi hreppsnefndin sér ekki skylt að fyrirskipa þriðju leit vegna sauðkindanna, sbr. 14. gr. fjallskilareglugerðarinnar, heldur veitti gagnáfrýjanda með ályktun heimild til að sækja kindurnar með þeim kjörum, er getur í 24. gr. sömu reglugerðar. Ekki er ljóst, að gagnáfrýjandi hafi vitað um ályktun þessa, en hann hafði beint málaleitunum sínum til oddvita Hvolhrepps. Segir gagnáfrýjandi, að oddviti og hann hafi orðið ásáttir um, að hann skyldi sjálfur sækja sauðkindurnar, og hafi oddviti ekki andmælt skyldu aðaláfrýjanda til að greiða kostnað af förrinni. En frásögn gagnáfrýjanda um þetta síðasta atriði er mótmælt af aðaláfrýjanda. Þjó gagnáfrýjandi nú för sína ásamt öðrum manni, er hann fékk til farar með sér. Tókst þeim að handsama tvær af sauðkindunum, þ. e. ána og annað lambið, og flytja þær til byggða. Gagnáfrýjandi sendi aðaláfrýjanda því næst reikning, að fjárhæð kr. 800.00, yfir kostnað af förrinni, en aðaláfrýjandi vékst undan að greiða. Stóð nú í stappi um stund, en með bréfi 10. apríl 1946 sendi aðaláfrýjandi reikninginn til sýslunefndar Rangárvallasýslu og

spurðist fyrir, hvort honum bæri skylda til að greiða hann. Sýslunefnd svaraði þessari fyrirspurn ekki, heldur samþykkti með sjö atkvæðum gegn tveimur ályktun þess efnis, að hreppsnefndinni hefði samkvæmt 14. gr. fjallskilareglugerðar Rangárvallasýslu verið skylt að láta hirða sauðfé það, sem greindi í erindi aðaláfrýjanda til sýslunefndar. Aðaláfrýjandi vildi samt enn ekki greiða, og höfðaði gagnáfrýjandi þá mál þetta.

Gagnáfrýjandi hefur ekki leitt sönnur að því í málinu, að aðaláfrýjandi hafi lofað honum greiðslu, og verður krafa hans ekki reist á þeim grundvelli.

Í 14. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu er svo kveðið á, að hreppsnefnd sé skylt að sjá um, að tvísmöluð séu afréttarlönd hreppsins á hverju hausti og oftár, ef þurfa þykir. Aðaláfrýjandi hafði látið gera tvær leitir á afrétti sínum haustið 1945, svo sem áður segir, og var honum ekki skylt að fyrirskipa þriðju leit, þótt eftir aðra leit fréttist um þrjár kindur á afréttinum, sem þangað kunna að hafa runnið eftir hinar fastákveðnu leitir, en það er matsatriði hverju sinni, hvort þörf sé þriðju leitar. Föer gagnáfrýjanda inn á afréttinn til að sækja sauðkindur sínar var einkafyrirtæki hans, en ekki slík almenn smölun eða leit, er fyrirskipuð væri af réttbærum aðilja, hreppsnefnd eða sýslunefnd, samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar um fjallskil. Ályktun sú, sem sýslunefnd gerði eftir á, er því reist á lagasjónarmiðum, sem ekki fá staðizt, og verður ályktun þessari ekki jafnað til lögfullrar fyrirskipunar sýslunefndar um þriðju leit samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar. Svo sem fyrr segir, heimilaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda föer á afréttinn samkvæmt 24. gr. fjallskilareglugerðarinnar, en samkvæmt því ákvæði er hreppsúum heimilar eftirleitir á afrétti, að loknum þeim leitum, sem hreppsnefnd lætur gera, en skylt er þeim þá að fá til þess samþykki hreppsnefndar, ef þeir vilja eiga von um borgun fyrir fyrirhöfn sína. Ef sauðfé finnst í slíkum leitum, skal eigandi greiða þriðjung verðs, fyrir heimt og óheimt fé, og virðir hreppsstjóri fé. Heimilt er hreppsnefnd að hækka greiðslu þessa, en þá skal sú hækkan greiðast úr fjallskilarsjóði. Gagnáfrýjandi er að vísu ekki búsettur í Hvolhreppi, en heimilt var að láta ákvæði 24. gr. reglugerðarinnar taka,

eins og á stóð, með lögjöfnun til hans, eftir því sem við á. Hann var sjálfur eigandi sauðkinda þeirra, er hann sótti á afréttinn, og tók því undir sjálfum sér leitarhlutinn. Hreppsnefnd eða sýslunefnd sem æðra stjórnvald gat að vísu veitt gagnáfrýjanda nokkra umbun úr fjallskilasjóði, ef stjórn-sýsluhafi sá, er í hlut átti, taldi ástæðu til þess, sbr. 24. gr. reglugerðarinnar, en hvorugur þessara aðilja hefur kveðið á um slíka greiðslu til gagnáfrýjanda, enda getur hann ekki stutt kröfuna um greiðslu á ályktun sýslunefndar, þar sem engin ákvörðun er tekin um umbun handa honum samkvæmt 24. gr. reglugerðarinnar. Niðurstaðan verður því sú, að sýkna ber aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 800.00.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 800.00 í héraði og kr. 800.00 í Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, hreppsnefnd Hvolhrepps f. h. hreppsins, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Páls Nikulássonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 800.00 málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00 í héraði og kr. 800.00 í Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Páll bóndi Nikulásson, Kirkjulæk í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 13. janúar 1948, gegn hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu f. h. hreppsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 800.00 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1946 til greiðsludags. Stefnandi, sem hefur fengið gjafsókn í

máli þessu, hefur enn fremur krafizt málskostnaðar sér til handa, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómars. Til *vara* hefur hann krafizt lækunar á kröfum stefnanda.

Málsatvik eru þau, að um haustið 1945, nokkru eftir síðari fjallgöngur, frétti stefnandi, að sézt hefðu þrjár kindur, er líkur væru til, að hann ætti, á svonefndum Emstrum, sem er afréttarland Hvolhrepps. Kveðst stefnandi þá hafa snúið sér til oddvita Hvolhrepps og óskað þess, að hann léti sækja fé þetta. Oddvitinn hafi ekki talið sig reiðubúinn að taka afstöðu til þessa og viljað leita álits hreppsnefndar um það. Hreppsnefndarfundur var síðan haldinn þann 10. nóvember 1945, og þar varð svohljóðandi ályktun um mál þetta:

„3. Oddviti bar fram þá skýrslu Páls bónda Nikulássonar á Kirkjulæk í Fljótshlíð, að sézt hefðu þrjár kindur á afrétti hreppsins, eftir að síðari smölun á afréttinum fór fram á þessu hausti, og gat þess, að kindur þessar væru taldar eign nefnds Páls. Jafnframt hefur Páll farið þess á leit samkvæmt 24. gr. fjallskilareglugerðar Rangárvallasýslu að fá til þess samþykki hreppsnefndar að mega fara á afréttinn til þess að sækja téðar kindur. Hreppsnefndin samþykkti að veita umbeðið leyfi.“

Ekki virðist stefnanda hafa verið tilkynnt um þessa samþykkt. Nokkru síðar kveðst stefnandi enn hafa hitt oddvitann, og hafi hann þá farið þess á leit við stefnanda, að hann útvegaði menn til fararinnar úr Fljótshlíðarhreppi, þar sem ekki væri hægt að fá menn úr Hvolhreppi. Stefnandi kveðst hafa lofað að reyna það. Nokkru síðar hafi hann átt samtál við oddvitann og tjáð honum, að hann gæti sjálfur farið í för þessa og hefði fengið mann með sér. Kaup mannsins mundi verða kr. 80.00 á dag auk kaups fyrir hest og fæðiskostnað. Hafi oddvitinn engum athugasemdum við því hreyft, en óskað þess, að hann yrði strax látinn vita, er ferðinni væri lokið, því hann myndi láta hreppstjóra Hvolhrepps meta til fjár fé það, er myndist. Stefnandi og maður með honum fóru síðan í fyrri hluta nóvembermánaðar för þessa. Fundu þeir félagar á eina með tveimur lömbum á afrétt Hvolhrepps, og átti stefnandi fé þetta. Tókst þeim að ná ánni og öðru lambinu til byggða, en misstu hitt lambið úr höndum sér. Tók förin alls 4 daga, að því er stefnandi telur. Þann 30. nóv. 1945 mat hreppstjórinn í Hvolhreppi kindur þessar til fjár, á samtals kr. 161.50.

Stefnandi krafði síðan stefnda um greiðslu leitarkostnaðar, er hann taldi nema kr. 800.00. Stefndi færðist undan að greiða. Með bréfi, dagsettu 10. apríl 1946, óskaði oddviti Hvolhrepps úrskurðar sýslunefndar Rangárvallasýslu um greiðsluskyldu hreppsins á þessari kröfu stefnanda. Sýslunefndin tók mál þetta til meðferðar og kvað upp í því svohljóðandi úrskurð:

„Samkvæmt 14. gr. fjallskilareglugerðar Rangárvallasýslu lítur sýslunefndin svo á, að hreppsnefndinni hafi verið skylt að láta hirða fé það, er um getur í erindi oddvita Hvolhrepps frá 10. apríl s.l.“

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að þar sem komið hafi

í ljós, að fé var á afrétt Hvolhrepps, eftir að tvennar leitir höfðu verið gerðar, hafi verið skylt að leita aftur í afréttinni. Í 1. mgr. 14. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157 frá 1943 sé sú skylda lögð á hreppsnefndar að sjá um, að afréttir hreppanna séu tvísmalaðar á hverju hausti og oftar, ef þurfa þykir. Í þessu tilviki hafi verið full þörf á, að smalað væri aftur, þótt tvennar leitir hafi verið gerðar. Þetta hafi oddviti Hvolhrepps líka fallizt á og falið stefnanda að framkvæma smölunina. Stefnda beri hins vegar að greiða allan kostnað af henni. Samkvæmt ákvæðum 38. gr. sbr. 15. gr. sveitarstjórnarlaganna sé sýslunefndum falið fullnaðarúrskurðarvald um ágreining út af smölun afrétta. Stefndi hafi sjálfur lagt mál þetta undir úrskurð sýslunefndar Rangárvallasýslu, sem hafi úrskurðað, að stefnda hafi verið skylt að sjá um smölun þessa. Úrskurður þessi sé fullnaðarúrskurður um þetta atriði, er dómstólarnir geti ekki hnekkt, enda hafi sýslunefndin á engan hátt farið út fyrir valdsvið sitt. Þá hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að stefndi hafi lagt atriðið undir úrskurð sýslunefndarinnar, og hann hafi út af fyrir sig samþykkt þá málsmeðferð. Stefnandi hefur neitað því, að honum hafi verið kunnugt um fundarsamþykkt hreppsnefndar Hvolhrepps frá 10. nóv. 1945, þá er áður getur, fyrr en um það leyti sem málið var höfðað. Telur stefnandi af þessu ljóst, að stefnda beri að greiða allan kostnað af för þessari, enda geti engu máli skipt í þessu sambandi, þótt hann sjálfur hafi verið eigandi kinda þeirra, er í leitinni fundust.

Stefndi hefur talið, að Emstrur hafi verið tvísmalaðar umrætt haust, og hafi smalanirnar tekizt mjög vel og full ástæða til að ætla, að þar væri ekki fé eftir, enda hafi fátt fé verið þar, þar sem búendur í Hvolhreppi reki ekki lengur þangað fé sitt. Umræddar kindur stefnanda hafi að vísu sézt á afréttinni eftir síðari göngur, en nálægt afréttarmörkum, og full líkindi séu til, að þær hafi runnið þangað af afrétt annars hrepps, eftir að göngum var lokið. Stefnandi hafi farið þess á leit við oddvita hreppsins, að hann fengi að sækja kindur þessar. Leyfi þetta hafi verið veitt með vísan til ákvæða 24. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu, enda þótt stefnandi væri utanhreppsmaður. Í grein þessari sé gert ráð fyrir, að ef þeir, sem hafa fengið leyfi til að fara í eftirleitir, finni fé, þá fái þeir greitt þriðjung verðs fjár þessa, og skuli fjáreigandinn greiða það. Stefnandi hafi fundið kindur, sem hann sjálfur hafi átt, og hafi þær verið metnar. Hann eigi að vísu rétt til að fá greidda þóknun, er nemi þriðjung verðs kindanna, en þar sem hann eigi þær sjálfur, taki hann greiðslu þessa frá sjálfum sér og geti ekki krafðið stefnda um hana. Þá hefur á það verið bent af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki farið þess á leit, að almenn eftirleit yrði gerð á Emstrum, heldur aðeins, að þessar ákveðnu kindur hans yrðu sóttar. Hann hafi heldur ekkert leitað um afréttina að öðru fé, heldur aðeins sótt þessar ákveðnu kindur. Stefndi hefur mótmælt því, að fyrrgreind samþykkt sýslunefndar Rangárvallasýslu hafi neina þýðingu fyrir mál þetta, enda geti sýslunefndin ekki haft fullnaðarúrskurðarvald um atriði sem þetta.

Oddviti Hvolhrepps hefur talið, að hann hafi aðeins tjáð stefnanda, að

hann hefði leyfi til að sækja kindur þessar, en alls ekki samþykkt neina sérstaka eftirleit af hans hendi.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að honum hafi verið kunnugt um fundarsamþykkt hreppsnefndar Hvolhrepps frá 10. nóvember 1945, þá er áður getur, áður en hann fór í leitarferð þessa. Þá er einnig ósannað, að honum hafi verið gert kunnugt, að stefndi taldi hann ekki eiga rétt til þóknunar, þótt hann færi í leit, nema hluta af verðmæti fjár þess, er kynni að finnast.

Í 15. gr. sveitarstjórnarlaganna er hreppsnefndum falið að sjá um notkun afrétta hreppsins og fjallskil og réttir, um smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila. Í 38. gr. sömu laga er meðal annars sagt, að sýslunefnd leggi fullnaðarúrskurð á mál þau, er í 15. gr. laganna greinir. Svo sem að framan getur, lagði stefndi mál þetta fyrir sýslunefnd Rangárvallasýslu til úrskurðar. Úrskurður nefndarinnar verður að teljast fullnaðarúrskurður um það efni, sem hann fjallar um, og verður því lagður til grundvallar í máli þessu, enda er ekki fram komið, að á honum séu neinir þeir gallar, er varði ógildingu hans. Samkvæmt úrskurði þessum var stefnda skylt að láta hirða fé það, sem sézt hafði á Emstrum. Í málinu er fram komið, að stefnandi fór för þessa og fékk mann til fylgdar við sig með samþykki oddvita Hvolhrepps. Ber stefnda því að greiða honum hæfilegt gjald fyrir það verk.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi tjáð oddvita Hvolhrepps, að maður sá, sem með honum færi í för þessa, vildi fá kr. 80.00 í kaup á dag auk fæðiskostnaðar og kaups fyrir hest. Hafi oddvitinn engum andmælum hreyft gegn þessu. Stefnandi kveður þá hafa verið 4 daga í förinni, og nemi því kaup þeirra beggja kr. 640.00 og fæði og hestskaup kr. 160.00. Stefndi hefur mótmælt því, að nokkuð hafi verið samið um kaup við stefnanda. Þá hefur stefndi bent á, að fjallskilakaup á þessum tíma hafi verið kr. 80.00 á dag fyrir manninn með hest, en fæði ekki verið greitt. Loks hefur stefndi bent á, að stefnandi hafi verið óhæfilega lengi í för þessari.

Með vísan til þessa verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnda, að samið hafi verið um kaup stefnanda til handa, áður en för þessi var farin. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnda verði gert að greiða venjulegt fjallskilakaup á þessum tíma, en því hefur ekki verið mótmælt, að það hafi verið kr. 80.00 á dag fyrir mann og hest. Af skýrslu stefnanda um ferð þessa er ljóst, að hún hefur ekki tekið fulla fjóra daga. Eftir atvikum þykir í þessu sambandi hæfilegt að reikna með, að hún hafi tekið $3\frac{1}{2}$ dag. Með vísan til þessa og þar sem því er ekki mótmælt, að stefnandi eigi rétt til að krefja inn laun beggja þeirra, er förina fóru, þá verða málalok þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 560.00 með 5% ársvöxtum, sem reiknast frá sáttakærudegi, 30. júlí 1946.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Ragnars Ólafssonar hrl., þar með talinn ferðakostnaður, þykja hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði kr. 450.00 af fé þessu í málskostnað, en hinn hlutinn greiðist úr ríkissjóði.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hvolhrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Páli Nikulássyni, kr. 560.00 með 5% ársvöxtum frá 30. júlí 1946 til greiðsludags.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Ragnars Ólafssonar hrl., ákveðast kr. 800.00, og greiði stefndi kr. 450.00 af þeirri fjárhæð, en ríkissjóður kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1951.

Nr. 39/1950. **Steinunn Loftsdóttir** (Ragnar Jónsson)

gegn

Ingva Ólafssyni (Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1950, að fengnu gjafsóknarleyfi 24. s. m. Krefst hún þess, aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir að sveinbarni því, er hún ól hinn 25. október 1948, og til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess og til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld, allt eftir úrskurði yfirvalds. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hefði ekki verið rekið sem gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hennar í héraði og fyrir Hæstarétti verði ákveðin hæfileg málflutningslaun fyrir báðum dómum.